

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps, nr. 376/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. desember 2002.*

F. h. r.

**Garðar Jónsson.**

*Guðjón Bragason.*

Nr. 874

## REIKNINGUR

### Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2001.

#### Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun vegna erlendra innheimtu .....	2.953.795
Innheimtuþóknun önnur .....	5.053.249
Endurkrafinn fjárnámskostnaður .....	6.625.890
Innheimtir dráttarvextir og aðrar vaxtatekjur .....	252.139.773
	<u>266.772.707</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	63.454.854
Húsnæðiskostnaður .....	2.332.539
Kostnaður við fjárnám .....	12.850.264
Annar rekstrarkostnaður .....	32.830.161
Vextir og verðbætur .....	945.078
	<u>112.412.896</u>
Tekjur umfram gjöld .....	<u>154.359.811</u>

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2001.

Peningalegar eignir:	Kr.
Veltufjármunir: .....	46.786.582
Handbært fé .....	3.755.366
Óinnheimtar kröfur .....	7.890.200.662
Meðlagskröfur til innheimtu .....	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	<u>7.940.742.610</u>
<i>Peningalegar eignir samtals</i>	

**Skuldir:**

Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddur kostnaður .....	3.400.716
Tryggingastofnun ríkisins .....	39.986.105
Erlendar innheimtur .....	738.579
Félagsmálaráðuneytið .....	7.810.265
	<u>51.935.665</u>
<i>Skuldir samtals</i>	<u>51.935.665</u>
<b>Peningaleg staða</b>	<u><u>7.888.806.945</u></u>

**Aðrir liðir:**

Framlag jöfnunarsjóðs .....	6.237.833.296
Annað eigið fé .....	1.650.973.649
<b>Aðrir liðir samtals</b>	<u><u>7.888.806.945</u></u>

Reykjavík, 22. apríl 2002.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

**Sigurgeir Sigurðsson.**

**Húnbogi Þorsteinsson.**

**Snorri Björn Sigurðsson.**

Hilmar Björgvinsson.

28. nóvember 2002

Nr. 875

## AUGLÝSING

### um starfsreglur Kirkjubings um breyting á starfsreglum um Prestssetrasjóð nr. 826/2000.

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um Prestssetrasjóð nr. 826/2000.

#### 1. gr.

Við 3. gr. starfsreglna um prestssetrasjóð bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eignir og réttindi sem fylgja prestssetrum, en prestur óskar eftir að undanskilja afnotarétti sínum eða þau sem tilgreind eru með ákveðnum hætti að séu ekki inni í grunni til afgjalds, falla til ráðstöfunar stjórnar prestssetrasjóðs.

#### 2. gr.

5. gr. starfsreglnanna breytist svo:

Í 1. málsgrein breytist síðasta setningin þannig:

Í stað „sbr. 2. gr. reglna þessara“ komi „sbr. 3. gr. reglna þessara.“

Á eftir 2. málsgrein komi ný 3. málsgrein svohljóðandi:

„Til viðmiðunar skulu einnig vera hlunnindi eða önnur verðmæti sem ekki eru talin til fasteignamats, en hafa sannanlegt verðgildi og prestur nýtir.“